

Greinargerð starfshóps um framtíðarsýn fyrir Saurbæ á Hvalfjarðarströnd

Aðfararorð

Á kirkjuþingi 2018 var samþykkt tillaga um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum sem fól í sér að Saurbæjarprestakall var lagt niður og sóknir þess lagðar undir nýtt prestakall, Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall. Breyting þessi var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 6. mars s.l.

Á kirkjuráðsfundi hinn 13. mars 2019 kynnti biskup Íslands tillögu sína um skipan starfshóps sem skyldi fjalla um framtíðarsýn hvað Saurbæ áhrærði.

Með tölvubréfi dagsettu 19. mars skipaði biskup Íslands í starfshóp (ráðgefandi nefnd) þennan þau Jón bónda Valgarðsson, sóknarnefndarformann Saurbæjarsóknar, Guðmund Þór Guðmundsson, skrifstofustjóra Biskupsstofu, og sr. Elínborgu Sturludóttur, prest í Dómkirkjuprestakalli. Starfstími hópsins var ákveðinn 19. mars til 9. apríl 2019. Guðmundi Þór var falið að kalla hópinn saman.

Verkefni starfshópsins

Í áðurnefndu tölvubréfi biskups komu fram óskir um hvað hópurnir skyldi gera:

- a) Koma með tillögur um notkun prestssetursins í Saurbæ og jarðarinnar. Í þessu sambandi nefnir biskup starfsemi sem tengist sögu staðarins og nálægð við Vatnaskóg og höfuðborgarsvæðið. Hallgrímssetur hefur borið á góma sem og Barroksetur, og náði samstarf við starfsemina í Vatnaskógi.
- b) Koma með tillögur að fjármögnun starfseminnar, meta það hvort hún krefðist starfsmanns og rekstrarfjár. Athuga hvort tekjur af hlunnindum staðarins gætu nýst til starfseminnar að hluta til eða að fullu.

Í tölvubréfi biskups kom fram að hún hefði boðið fyrrum vígslubiskupshjónum að leigja húsið í Saurbæ til næstu ára. Þau hjón þágu það boð. Jafnframt upplýsti biskup að fyrrum vígslubiskup væri reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu staðarins væri þess óskað.

Starf hópsins

Alls hefur starfshópurinn um framtíðarsýn hvað Saurbæ áhrærir hist þrisvar sinnum. Fyrsti fundur var haldinn hinn 25. mars. Á þeim fundi var ákveðið með samþykki biskups að sr. Hreinn S. Hákonarson yrði skipaður verkefnisstjóri hópsins.

Annar fundur hópsins var haldinn hinn 1. apríl að Eystra-Miðfelli, hjá Jóni Valgarðssyni. Jafnframt var farin við það tækifæri vettvangsskoðunarferð um Saurbæ.

Þriðji fundur var haldinn hinn 3. apríl í þjónustumiðstöðinni í Háteigskirkju.

Starfshópnum er gert að skila greinargerð til biskups og kirkjuráðs fyrir 9. apríl n.k.

Söguleg staða Saurbæjar

Saurbær á Hvalfjarðaströnd er kirkju- og menningarsögulegur staður. Þar var séra Hallgrímur Pétursson prestur 1651-1669 og er nafn staðarins tengt honum órjúfanlegum böndum. Eitt stórbrotnasta trúarbókmenntaverk Íslendinga varð til í Saurbæ en talið er að sr. Hallgrímur hafi ort Passíusálmana á árunum 1656-1659.

Árið 1957 var vegleg kirkja vígð til minningar um séra Hallgrím Pétursson í Saurbæ. Hún er þar staðarprýði mikil. Jafnan er talað um kirkjuna sem Hallgrímskirkju en hún er sóknarkirkja Saurbæjarsóknar. En sóknin er fámenn og gjaldendur tæplega eitt hundrað.

Árið 2014 var kirkjan friðlýst af forsætisráðherra. Friðlýsingin tekur til ytra borðs kirkjunnar og kirkjuskips.

Saurbæjarkirkja hefur þá sérstöðu að hún er í hópi fimm höfuðkirkna landsins, en aðrar höfuðkirkjur eru heimakirkjur biskups og vígslubiskupa þ.e. Dómkirkjan í Reykjavík, Hóladómkirkja, Skálholtsdómkirkja og einnig er Hallgrímskirkja í Reykjavík talin til höfuðkirkna.

Undir kirkjunni er allrúmgóður, óinnréttaður kjallari sem bíður upp á ýmsa möguleika til hagnýtingar.

Framtíðarsýn hópsins og tillögur

Starfshópurinn er sammála um að uppbygging kirkju-og menningarseturs í Saurbæ sé langtímaverkefni sem þurfi að vinna með skipulegum hætti í samvinnu við ýmsa aðila og ekki verði anað að neinu. Mikilvægt sé að byrja smátt og auka svo við jafnt og þétt eftir því sem samþykkt stefnumörkun mælir fyrir um, tilefni gefast til og fjárhagur leyfir.

Starfshópurinn telur að mörg og vænleg tækifæri séu fyrir hendi í Saurbæ til að byggja upp staðinn. Þúsundir ferðamanna koma ár hvert í Saurbæ, innlendir sem erlendir.

1. Notkun prestsseturs og jarðar. Starfshópurinn ræddi ítarlega um möguleika á að koma upp nútímalegu safni á staðnum um sr. Hallgrím og Guðríði konu hans með áherslu á menningar- og trúarlegan arf Íslendinga. Enda þótt meginþungi slíks safns væri á sögu sr. Hallgríms og skáldskap þá væri ekki síður vert að gera konu hans, Guðríði Símonardóttur, hátt undir höfði, enda saga hennar merkileg. Mætti t.d.sjá fyrir sérsérstaka Guðríðarstofu sem hluta af safninu. Byrja ætti smátt og sjá svo hvernig mætti stækka og þróa slíkt safn eftir atvikum. Starfshópurinn telur mikilvægt að skoða vel hvort hægt væri að nýta kjallarann undir kirkjunni til þessarar starfsemi en þar þyrfti eðli máls samkvæmt að gera margt áður en hann yrði tækur til slíkrar notkunar. Sem stendur er aðeins einn inngangur í kjallarann að utanverðu frá kórgafli. Mögulegt er að gera inngang að sunnanverðu svo að segja undir kirkjuþröppum og fara í gegnum barð þar úti. Slíkur inngangur yrði vel fær hreyfihömluðum og gæti tengst hinum hlaðna áningarstað þar skammt hjá. Einnig var nefnt að hægt væri að nota bílskúr og tengibyggingu við prestsbústaðinn frá 1940, sem safnrými a.m.k. til að byrja með.

Barroksetur gæti fléttast inn í safnhugmyndina um sr. Hallgrím og Guðríði. Talað er um barokk í íslenskri bókmenntasögu á tímabilinu 1627 til 1750. Barokk varð hvort tveggja til innan konungshirða og utan. Dr. Margrét Eggertsdóttir hefur kallað sr. Hallgrím Pétursson barokkmeistara. Hefur hún rannsakað yrkisefni skáldsins sem barokktexta. Hún minnir á að

sr. Hallgrímur hafi ekki verið af lágum stigum en fallið niður í þjóðfélagsstiganum þegar hann hvarf frá Hólum 14 ára gamall og hélt utan til Kaupmannahafnar til að læra járnsmíðar. Öðru sinni féll hann niður þjóðfélagsstigann að álit dr. Margrétar þegar hann hætti námi og gekk að eiga Guðríði Símonardóttur. Engu að síður var hann barokk-maður. Telja má að sérstakt Barokksetur væri dálítið framandi og sértækt á Hvalfjarðarströnd. En sem áður segir væri tilvalið að koma þessum bókmenntasögulega þætti að í Hallgrímssetri eða einhvers konar setri af kirkju- og menningarlegum toga í Saurbæ.

Starfshópurinn telur að skipuleggja megi göngustíga um land Saurbæjar sem tengist með einum eða öðrum hætti lífsferli sr. Hallgríms og Guðríðar sem og sögu héraðsins eftir atvikum. Þá er náttúrufegurð mikil og útsýni fagurt frá Saurbæ. Skemmtilegt dæmi var nefnt þar sem er kletturinn Þrjónastrákur í hlíðinni fyrir ofan Saurbæ, fyrir austan Hótel Glym. Sagt var Guðríður hafi farið iðulega að honum og sest niður með þrjóna sína – og meira að segja þegar maður hennar var að embætta.

Göngustíga er að finna í Saurbæjarlandi sem tengjast sr. Hallgrími eins og leiðina að Hallgrímslind en sagt er að hann hafi þvegið holdsveikrarsár sín úr vatni lindarinnar. Þá Hallgrímssteinn þar sem sagan segir að hann hafi setið og samið Passíusálma sína. Þetta eru dæmi um staði sem henta pílgrímum vel. Staðurinn gæti þannig orðið öflug viðkomustöð pílgríma sem færu um sögu-göngustíga Saurbæjar. Nefnt var kanna hvort hægt væri að fá sjálfboðaliða til að leggja göngustíga. Drengir úr Vatnaskógi gætu hugsanlega komið að einhverjum verkþætti og væri það beggja hagur, Saurbæjar og Skógarmanna.

Kraftmikil starfsemi KFUM er í Vatnaskógi og hafa Skógarmenn ætíð haft sérstök tengsl við Saurbæ og haft þar meðal annars um hönd helgihald. Þessi tengsl má efla enn frekar með skipulögðum hætti að álit starfshópsins og með náinni samvinnu við Skógarmenn. Gönguleið frá Vatnaskógi að Saurbæ er ekki löng og hefur verið farið meðfram vegi. Sú hugmynd kom fram í starfshópnum að Skógarmenn ryddu sér snotra gönguleið í gegnum skóginn enda sitthvað að ganga í gegnum kjarrskóg en meðfram vegi. Auk þess tengdi það göngumenn betur við náttúruna og umhverfi staðarins.

Hvað notkun jarðar snertir telur hópurinn ekki óþeðlilegt að athugað verði að hlutar af henni verði leigðir út í samræmi við reglur kirkjunnar þar að lútandi. Bent var á að hrossamenn gætu haft áhuga á skikum úr henni til leigu. Þeir aðilar sem nú þegar leigja úr landi Saurbæjar fengju hugsanlega að leigja áfram eftir því sem kostur er hverju sinni.

2. Fjárhagslegur grunnur starfseminnar. Starfshópnum er mæta vel ljóst að uppbygging Saurbæjar sem kirkju- og menningarseturs mun kosta mikið fé. En hópurinn leggur áherslu á að unnið sé hægt og bitandi að verkinu og skipulega. Hér sé um langtímaverkefni að ræða. Verk- og kostnaðaráætlun verði unnin af þar til bærum aðilum í samræmi við samþykka stefnumörkun fyrir Saurbæ. Starfshópurinn telur einboðið að tekjur þær sem jörð og hlunnindi gefa af sér verði notuð til framtíðarstarfsemi í Saurbæ. En þær einar og sér hrökkva ekki til. (Sjá aftast: Fylgiskjal A.) Finna verði aðra tekjustofna. Í því sambandi ræddi starfshópurinn um að leita eftir stuðningi stórfyrirtækja sem eru í sveitarfélaginu eins og

Járnblendiverksmiðjunnar, Norðuráls og Hvals hf. Minnt var á að Hvalur hf., hefði á sínum tíma gefið gerð altarismyndar hins finnska listamanns, Lennart Segerstråle, í kirkjuna o.fl.

Þá var nefnt að núverandi sóknarprestur hefði líklegast rétt á tekjum hlunninda fram til ársins 2020.

Starfshópurinn telur að stofnun Hollvinasamtaka Saurbæjar (eða hvað þau samtök yrðu annars kölluð) væri fýsilegur kostur sem hefði forystu um margvísleg mál er snerta Saurbæ og þ.m.t. fjársöfnun a.m.k. til tiltekinna verkefna.

Einnig var rætt um möguleika á að minna ríkið á skyldur sínar við menningarlega arfleifð þess í Saurbæ sem þyrfti fjárstuðnings við.

Ljóst er að starfsemi í Saurbæ sem vikið er hér að framan krefst starfsfólks.

Kirkjumálasjóður undir stjórn kirkjuráðs er eigandi Saurbæjarjarðarinnar. Sóknarnefnd Saurbæjarsóknar fer með eignarráð Saurbæjarkirkju og er jafnframt stjórn Saurbæjarkirkjugarðs (sem er sjálfseignarstofnun). Mikilvægt er að stjórnskipulag fyrir staðinn sé skýrt og ábyrgðarsvið vel skilgreind og afmörkuð. Yfirbygging má ekki verða of mikil. Til greina getur komið að staðnum sé sett stjórn, sem starfi í umboði kirkjuráðs og eftir atvikum sé skilgreindur staðarhaldari. Líta má til fordæma frá öðrum sambærilegum rekstri sögu- og menningarstaða þjóðarinnar.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að einhver hefði fasta búsetu í Saurbæ og hefði þar ákveðnum skyldum að gegna.

Sömuleiðis lýsir starfshópurinn ánægju sinni yfir því að fyrrum vígslubiskup í Skálholti skuli hyggja á búsetu á staðnum ásamt eiginkonu sinni, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Telur hópurinn að þau muni verða staðnum mikil lyftistöng í krafti reynslu sinna og mannkosta.

Starfshópurinn telur mikilvægt að deiliskipulag verði gert og sé það grundvallarforsenda að uppbyggingu staðarins.

3. Arfur tónlistar. Lögum við Passúsálma sr. Hallgríms yrðu gerð hugsanlega sérstök skil með safnfræðilegum hætti í Saurbæ. Kirkjan er gott tónleikahús og huga þyrfti að því tónleikahaldi sem tengdist með beinum eða óbeinum hætti nýrri starfsemi í Saurbæ. Fram kom að huga þyrfti að aðstöðu gesta í kirkjunni, t.d. þyrfti að bæta aðgengi að snyrtingum og fjölga þeim, og gera þær sömuleiðis aðgengilegar fyrir fatlaða.
4. Samstarfsaðilar. Á fundum starfshópsins kom fram að mikilvægt væri að hafa samband og samstarf við ýmsa aðila um uppbyggingu í Saurbæ. Þar ber fyrst að telja heimamenn, sóknir fyrrum Saurbæjarprestakalls og presta hins nýja prestakalls; forystumenn Vatnaskógar, og umhverfisnefnd kirkjunnar – og aðra aðila sem menn kunna að benda á að hefðu eitthvað til málsins að leggja. Einnig Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands, sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar; og þau sem hafa atvinnu af rekstri ferðaþjónustu á svæðinu.

Færi svo að safn - eða menningarmiðstöð - um sr. Hallgrím og Guðríði yrði sett á laggirnar í Saurbæ telur starfshópurinn nauðsynjamál að kalla að borði safnasérfræðinga sem leggðu á ráðin um hvers konar safni yrði komið upp. Nútímasöfn eru mörg hver tæknilegs eðlis enda þótt grundvöllur þeirra sé sá hinn sami og hinna gömlu: að sjá og skynja, fræðast og skilja; og styrkja menningar- og söguvitund hverrar þjóðar.

5. Önnur sérfræðileg og almenn þekking. Einstaklingar sem tengjast Saurbæ með ýmsum hætti væru kærkomnir til umræðu um framtíð staðarins. Í því sambandi voru nefndir: fyrrum prestshjón í Saurbæ, frú Hugufrún Guðjónsdóttir, fyrrum húsfreyja og prestsfrú í Saurbæ, Steinunn Jóhannesdóttir, rithöfundur, sem ritað hefur margt um sr. Hallgrím og Guðríði, og dr. Margrét Eggertsdóttir sem er sérfræðingur í skáldskap sr. Hallgríms en doktorsritgerð hennar fjallaði um skáldið og bar heitið: *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Jafnframt hefur hún stýrt fræðilegri útgáfu á vegum Árnastofnunar á verkum sr. Hallgríms. Þá skal nefndur Smári Ólason, organisti, en hann er sérfræðingur í sálmalögum við Passíusálma sr. Hallgríms.
6. Framhaldið. Starfshópurinn telur mikilvægt að haldið verði áfram með vinnu með hugmyndir um framtíð Saurbæjar. Bendir hópurinn á að tilvalið sé að blása til málþings eða ráðstefnu um framtíð Saurbæjar og jafnframt megi nota samráðsgátt kirkjunnar sem yrði farvegur fyrir hugmyndir og ábendingar: <https://kirkjan.is/kirkjan/samradsgatt/>

Þá var þeirri hugmynd varpað fram að stofna heimasíðu Saurbæjarverkefnisins – eða Saurbæjar sem Hallgrímsseturs og Guðríðarstofu; kirkju- og menningarseturs.

Reykjavík 8. apríl 2019,

Elínborg Sturludóttir
Guðmundur Þór Guðmundsson
Hreinn S. Hákonarson
Jón Valgarðsson

Fylgiskjal A.

Leigutaki	vísitala mars 2019	kr
Fjarðarskel ehf	142,4	380.410
Sveitafélagið Hvalfjarðarsveit	142,1	269.356
Kalastaðir II	142,4	92.812
Hvalfjörður hf /Hótel Glymur	713,6	1.294.839
Hvalfjarðarsveit	713,6	1.242.086
Alls kr		3.279.503

Auk ofangreindra leigutekna á Saurbær hlutdeild í veiðiarði Laxár í Leirárveit og getur arður numið um kr.2.000.000 á ári m.v. fasteignamat 2018 og reglur um ákvörðun matsins. Sjá nánar um það fskjs. I í 20. máli kirkjuþings 2018 - kostnaðarumsögn.

Kostnaðarumsögn

Í 19. gr. starfsregla um þingsköp kirkjubings nr. 949/2009 segir:

„Ef samþykkt máls felur í sér kostnað skal áætlun um slík útgjöld og skýringar við einstaka liði fylgja greinargerð. Greina skal kostnað í stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað ef við á. Komi tekjur til greina skal einnig gerð grein fyrir þeim. Að jafnaði skal gerð tillaga um hvaðan fjármunir eigi að koma til greiðslu á kostnaði og hvert tekjur skuli renna. Umsögn fjármálastjóra biskupsstofu um áætlunina skal fylgja með málinu.“

a. Launakostnaður Biskupsstofu:

Samkvæmt upplýsingum Biskupsstofu eru heildarlaun fyrir sóknarprestþjónustu í Saurbæjarprestakalli nú kr. 862.904 á mánuði og fyrir þjónustu prests í Garða- og Hvalfjarðarprestakalli kr. 956.115 á mánuði, skv. úrskurði kjararáðs frá 17. desember 2017. Mismunurinn (launahækkun) er kr. **93.211** á mánuði eða kr. **1.118.532** á ári.

Kostnaður þessi greiðist úr ríkissjóði á grundvelli samkomulags um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Kostnaður kirkjumálasjóðs mun lækka verði tillagan samþykkt og tekjur sjóðsins sömuleiðis aukast.

b. Kostnaðarlækkun kirkjumálasjóðs:

Kostnaður sem mun falla niður ef tillagan verður samþykkt er sem hér segir m.v. tölur ársins 2018:

1. Greidd húsaleiga til sóknarprests kr. 275.000 á mánuði eða 3.300.000 á ári.
2. Greiddur viðbótaraksturskostnaður til sóknarprests vegna búsetu utan prestakalls kr. 132.000 á mánuði eða kr. 1.584.000 á ári.

Samtals kr. **407.000** á mánuði.

Kostnaðarlækkun kirkjumálasjóðs á ári verður kr. **4.884.000**.

Þegar áfallinn kostnaður kirkjumálasjóðs vegna stöðu mála er ekki talinn með hér.

c. Tekjuauki kirkjumálasjóðs:

Með niðurlagningu prestssetursins í Saurbæ renna lóðarleigu- og hlunninatekjur af Saurbæjarjörðinni til jarðareiganda, kirkjumálasjóðs, í stað sóknarprests eins og nú er:

1. **Árleg landleiga** í Saurbæ samkvæmt fimm leigusamningum. Byggt er á upplýsingum frá fjármálasviði Biskupsstofu.

85% leigutekna renna nú til sóknarprests og 15% til kirkjumálasjóðs.

Leigutekjur 2018 alls **kr. 3.190.020**

Hlutur sóknarprests 2018 alls **kr. 2.711.518**

2. **Veiðiarður** af Laxá í Leirársveit. Fasteignamat 2018 er kr. **20.650.000**.

Ákvæði 5. tölul. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978 er svo hljóðandi:

„Hlunnindi af veiði, reka, dún-, eggja- og fuglatekju svo og jarðhita skal að jafnaði meta til grunnverðs með því að tífalda árlegan nettóarð, sem af þeim fæst eða telja má eðlilegt að af þeim mætti hafa.“